

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2012

Efni: 440. mál – Umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaályktun í málefnum fatlaðra.

Starfsgreinasamband Íslands fagnar fram kominni tillögu til þingsályktunar en vill koma eftirfarandi á framfæri:

Í tillögunni er fjallað um þjónustu við fatlað fólk undir liðnum félagsleg vernd/sjálfstætt líf, en sá þáttur snýr að starfsfólki sem sinnir þeirri þjónustu. Í lið C.1 og C.5 komið inn á verkefni um innleiðingu á persónulegri notendastýrðri þjónustu við fatlaða, sem verður tekin upp í áföngum. Þar kemur meðal annars fram að kostnaður við verkefnið verði innan ramma og sveigjanlegt vinnufyrirkomulag í þjónustu við fatlað fólk.

Starfsgreinasambandið vill benda á að það ekki liggur fyrir neinn kjarasamningur við atvinnurekendur um störf við persónulega notendastýrða þjónustu. Það er augljóslega erfitt að áætla kostnað við slíkt verkefni ef ekki liggur fyrir samningur um kjör þeirra sem eiga að sinna þjónustunni og því óraunhæft að fullyrða nokkuð um raunkostnað við verkefnið. Þá er ekki hægt að tryggja sveigjanlegt vinnufyrirkomulag án kjarasamnings við starfsfólk.

Það er krafa Starfsgreinasambandsins að vinna verði sett í gang við ríki og sveitarfélög um gerð kjarasamning um þessi störf til að tryggja að hægt verði að bjóða upp á þessa persónulegu notendastýrðu þjónustu við fatlað fólk í framtíðinni.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Kristján Bragason, framkvæmdastjóri (sign)